

Stefna Háskólans í Reykjavík um opinn aðgang

Samþykkt í framkvæmdastjórn HR 13. nóvember 2014

Háskólinn í Reykjavík (HR) leggur áherslu á að sem flestir hafi aðgang að afurðum þess vísinda- og kennslustarfs sem fer fram við skólann. Í því skyni hefur HR sett fram eftirfarandi stefnu um opinn aðgang:

- Akadémískir starfsmenn HR skulu leitast við að birta afurðir vísinda- og kennslustarfs síns í opnum aðgangi. HR hvetur til þess að fræðigreinar, menntaefni og annað sem akademískir starfsmenn skólans skrifa, einir eða með öðrum, og birta í nafni skólans (e. RU affiliated), sé birt í opnum aðgangi á veraldarvefnum og þannig gert aðgengilegt öllum án kostnaðar eða leyfishindrana.
- HR hvetur akademíska starfsmenn sína til að halda höfundarétti yfir verkum sínum, veita tímaritum birtingarleyfi (e. non-exclusive publishing licence) og merkja útgáfur sem birtar eru í opnum aðgangi með afnotaleyfinu „Creative Commons“.
- HR stefnir að því að allar fræðigreinar akademískra starfsmanna birtar í nafni skólans verði aðgengilegar í tímaritum í opnum aðgangi eða í opnum rafrænum varðveislusöfnum án kostnaðar. HR tekur ekki þátt í kostnaði við birtingar í opnum aðgangi.
- HR stefnir að því að setja upp, einn eða í samstarfi við aðra, varðveislusafn með það að markmiði að auka sýnileika, nýtingu og áhrif af verkum akademískra starfsmanna skólans og tryggja aðgang að þeim til framtíðar. Akademískir starfsmenn skólans skulu veita HR heimild til að vista fræðigreinar sem þeir skrifa í nafni skólans í opnu varðveislusafni HR án endurgjalds. Almenn skal miða við að efni birtist á útgáfudegi í varðveislusafni HR eða með 12 mánaða birtingartöf að hámarki.
- Nemendur HR skulu gera lokaritgerðir sínar aðgengilegar í varðveislusafninu Skemman.is. Um rafræn skil lokaritgerða/lokaverkefna gildir samþykkt námsráðs HR og framkvæmdastjórnar HR.

HR hvetur akademíska starfsmenn skólans til að vinna að því að birta eldra efni í opnum aðgangi.

HR hvetur nemendur skólans til að gera einnig stærri verkefni aðgengileg á veraldarvefnum í opnum aðgangi og til þess að setja afnotaleyfið „Creative Commons“ á verk sín.

HR hvetur einnig aðra kennara og fræðimenn á Íslandi til að birta efni sitt í opnum aðgangi.

Stefnunni fylgir [ákvörðunartré](#) og [framkvæmdaáætlun](#) sem er ætlað að leiðbeina akademískum starfsmönnum skólans við að birta efni sitt í opnum aðgangi. Nemendur eru hvattir til að kynna sér vel [reglur um skil á lokaritgerðum og lokaverkefnum við HR](#).

HR mun bjóða upp á fræðslu og þjónustu til að auðvelda starfsmönnum og nemendum skólans að framfylgja stefnunni og birta efni sitt í opnum aðgangi.



Þessi stefna er gefin út af Háskólanum í Reykjavík með CC0 leyfinu sem þýðir að hver sem er má endurnýta hana að hluta til eða alveg, breyta og dreifa og gera að sinni án nokkurra skilyrða.